



Borgarráð

Minnismerki um sr. Friðrik Friðriksson á horni Lækjargötu og Amtmannsstígs

Töluverð umræða hefur skapast um styttuna Séra Friðrik og drengurinn í kjölfar útkomu bókarinnar Séra Friðrik og drengirnir hans og tengdrar fjölmiðlaumræðu. Fyrir borgarráði liggur einnig tillaga Kolbrúnar Baldursdóttur borgarfulltrúa um að fjarlægja beri styttuna.

Lagt er til að borgarráð samþykki að leita umsagnar KFUM og KFUK og Listasafns Reykjavíkur um hvort taka eigi minnismerki um sr. Friðrik Friðriksson, sem er á horni Amtmannsstígs og Lækjargötu, af stalli í ljósi ásakana sem fram hafa komið um að sr. Friðrik hafi beitt drengi kynferðislegu áreiti eða ofbeldi.

Greinargerð:

Í nýútkominni bók Guðmundar Magnússonar sagnfræðings um sr. Friðrik Friðriksson stofnanda KFUM og KFUK, sem ber yfirskriftina *Séra Friðrik og drengirnir hans*, kemur fram vitnisburður manns um að séra Friðrik hafi leitað á hann. Þá hafa fjölmiðlar greint frá fleiri frásögnum af sambærilegum toga. Á sínum tíma safnaði KFUM og KFUK fyrir styttunni og gaf Reykjavíkurborg hana. Félagið hefur þegar brugðist við með yfirlýsingu þar sem segir m.a. að félagið vilji hvorki breiða yfir sannleikann né söguna. Ef hægt er að leiða í ljós að stofnandi samtakanna hafi gerst sekur um brot gagnvart börnum, telur KFUM og KFUK við slíkt uppgjör nauðsynlegt.

Samkvæmt samþykktum um Listasafn Reykjavíkur frá 2013 þá hefur Listasafn Reykjavíkur umsjón með listaverkageign Reykjavíkurborgar þar með talið myndverkum á almannafæri. Safnið sinnir viðhaldi listaverka í borgarlandinu í samræmi við fjárheimildir og eftir forgangsroðun sem byggð er á árlegu ástandsmati og yfirgripsmikilli ástandsskýrslu sem unnin var árið 2013. Komi til þess að verkið verði tekið niður þarf að finna því stað í listaverkageymslum Listasafns Reykjavíkur.

Á horni Amtmannsstígs og Lækjargötu var reist minnismerki um sr. Friðrik Friðriksson en það var afhjúpað 1955 en styttuna gerði Sigurjón Ólafsson myndhöggvari. Í ljósi þeirra ásakana sem nú hafa komið upp á yfirborðið í garð sr. Friðriks um að leita á unga drengi hefur skapast umræða um að taka minnismerkið af stalli. Í ljósi þessa er lagt til að leitað verði málið til KFUM og KFUK og Listasafns Reykjavíkur.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Gögn úr Borgarskjalasafni um minnismerki um Sr. Friðriks Friðrikssonar.

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 22. október 1954.
ÁP/ÁI.

Fraubætt; lögum 22/10 1954.

Eftir viðtöku bréfs yðar, herra borgarstjóri, dags. 8. þ. m., skal yður hér með tjáð, að ráðuneytið samþykkir fyrir sitt leyti, að minnismarki dr. theol. Friðriks Friðrikssonar verði reist á lóð ríkisins við gatnamót Lækjargötu og Amtmannsstígs.

F. h. r.
e. u.

Asgeir Þursson

Til

borgarstjórans í Reykjavík.



8. október 1954.

PL/HT

9/10

Hér með er óskað leyfis ráðuneytisins til þess, að fyrir-
huguðu minnismerki sr. Friðriks Friðrikssonar verði komið fyrir á
lóð ríkisins við gatnamót Lækjargötu og Amtmannsstígs.

Samvinnunefnd um skipulagsmál hefur lagt til að minnis-
verkið verði sett á þennan stað og hafa fjársöfnunarnefnd minnismerk-
isins og bæjarstjórn samþykkt þá staðsetningu. Fjármálaráðuneytið
hefur einnig fallist á hana, en bent á, að leita þurfi samþykkis for-
sætisráðuneytisins.

Til forsætisráðuneytisins,

412

41	höggmynd	er	í	eigu	Reykjavíkurborgar
8	höggmyndir	eru	í	eigu	Ríkisins
2	"	"	"	"	Háskólans
2	"	"	"	"	Dómkirkjunnar
2	"	"	"	"	Kirkjugarða Reykjavíkur
2	"	"	"	"	Menntaskólans í Reykjavík
4	"	"	"	"	einkaeign fyrirtækja og stofnana.

Útlendir höfundar eru:

Leifsstyttan (Calder)
 Pomona (Joh. C. Bjerg)
 Berlínarbjörninn (ókunnur þýskur myndhöggvari)

Höggmyndir og minnisvarðar á almannafæri í Reykjavík.

- | | | | |
|------|--------------------------------|----------------------|---------------------|
| 1. | a) Jón Sigurðsson, forseti | (Einar Jónsson) | á Austurvelli |
| | b) Brautryðjandinn á fótstalli | | |
| | stytta Jóns Sigurðssonar | (Einar Jónsson) | |
| 2. | Kristján IX | (Einar Jónsson) | á Stjórnarráðstúni |
| 3. | Hannes Hafstein, ráðherra | (Einar Jónsson) | á Stjórnarráðstúni |
| 4. | Ingólfur Arnarson | (Einar Jónsson) | á Arnarhóli |
| * 5. | Þorfinnur Karlsefni | (Einar Jónsson) | í Tjarnargarði |
| 6. | Jónas Hallgrímsson, skáld | (Einar Jónsson) | í Tjarnargarði |
| 7. | Útlagar | (Einar Jónsson) | á Melafloet |
| 8. | Minnismerki um flugslysin. Bæn | (Einar Jónsson) | við Fossvogskirkju |
| 9. | Tryggvi Gunnarsson | (Ríkharður Jónsson) | í Alþingishúsgarði |
| 10. | Jón Vídalín, biskup | (Ríkharður Jónsson) | við Dómkirkjuna |
| 11. | Minnisvarði dr. J.B. Charcot | (Ríkharður Jónsson) | atvinnud. Háskólans |
| 12. | Hallgrímsharpan | (Júlíus Schau) | við Dómkirkjuna |
| 13. | Thorvaldsen | (Bertel Thorvaldsen) | í Tjarnargarði |
| 14. | Kristsmynd | (Bertel Thorvaldsen) | við Fossvogskirkju |
| 15. | Maður og kona | (Tove Ólafsson) | í Tjarnargarði |
| 16. | Á heimleið | (Gunnfríður Jónsd.) | í Tjarnargarði |
| 17. | "Soffía" stúlkumynd | (Ólöf Pálsdóttir) | við Kvennaskólann |
| 18. | Móðurást | (Nína Sæmundsson) | við Lækjargötu |
| 19. | Skúli Magnússon, fógeti | (Guðm. Einarsson) | við Aðalstræti |
| 20. | Pomona | (Joh. C. Bjerg) | í Einarsgarði |
| 21. | Fiskstöflun (lágmynd) | (Sigurjón Ólafsson) | við Sjómannaskólann |
| 22. | Síra Friðrik Friðriksson | (Sigurjón Ólafsson) | við Lækjargötu |
| 23. | Héðinn Valdimarsson | (Sigurjón Ólafsson) | við Hringbraut |
| 24. | Hesturinn | (Sigurjón Ólafsson) | Sogamýri |

* *Rein at Högmyndir - 2 apríl 1979.*

fyrir þu st kaupna myndina
 og koma henni upp á
 miðvand. stat.

Hefur hún verið í umsjá
 Rannsóknisráðgjafar og með
 þu st hún hefur er gert
 úr stein stýpanu hefur nokkurn
 sinnum orðit st lauffara hana
 og sitast for slík vitgerð frá
 í summar 1982 (Hallstein Sigurðsson)

Myndin er ekki með
 á neinu hátt.

22

Sera Fríðrik Friðriksson vit ~~hefur~~
 vit ~~hefur~~ gert


eftir Sigurján Ólafsson,
 var sett upp í maí 1955, og
 þu voru K.F.U.M. og ~~st~~
 sem létu vera myndina og
 kostuðu uppsetningu hennar.
 Myndin hefur verið í umsjá
 Rannsóknisráðgjafar
 mynd og stápsull er í
 góðu lagi og á stápl er
 áletum.

File: Höggmyndir

Höggmyndir



í Reykjavík
mars 1984




Séra Friðrik og drengurinn.

Eftir Sigurjón Ólafsson.

Steypt í eir. Stöpull úr steinsteypu,
klæddur með grásteinsflögum.

Var sett upp við Lækjargötu 1955
(þar sem áður stóð Jónas Hallgrímsson).

Umsögn: Mynd og stöpull í góðu lagi.
Áletrun er á fótstalli.



REYKJAVÍK, 17. apríl 1953.

Til Samvinnunefndar um skipulagsmál,
Reykjavík.

Fyrir hönd Fjársöfnunarnefndar til minnis-
merkis Sr. Friðriks Friðrikssonar vil ég taka fram, að
Fjársöfnunarnefndin felst fyrir sitt leyti á tillögu
Samvinnunefndarinnar, sem um getur í bréfi nefndarinnar
frá 30. des. 1952, að minnismerkinu verði valinn staður
við Lækjargötu norðanvert við Amtmannsstíg. Æskilegt
veri að Samvinnunefndin hefði að öðru leyti samráð við
listamanninn, sem myndina hefir gert, Sigurjón Ólafsson,
um fyrirkomulag minnisvarðans.

Virðingarfyllt,

F.h. Fjársöfnunarnefndarinnar,

Valtýs Sæfínsson

Bohannur Gylfsson

17. apríl 1953

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 8. maí 1953.

Til svars bréfi yðar dags. 5. þ.m., þar sem óskað er samþykkis ríkissjóðs, sem lóðareiganda, fyrir staðarvali fyrir minnismerki sr. Friðriks Friðrikssonar, á lóð ríkissjóðs, við mót Lækjargötu og Amtmannsstígs, skal yður hér með tjáð, að þetta ráðuneyti fellst fyrir sitt leyti á ofangreindan stað fyrir minnismerkið.

Hins vegar er fyrirhugað að reisa stjórnarráðsbyggingu á lóð þeirri, sem hér um ræðir, og ber því jafnframt að leita eftir samþykki forsætisráðuneytis um ráðstöfun á lóðinni.

F.h.r.

Sigm. Kunnungr

Kjartan Þaqqnar

Skrifstofa bæjarverkfræðings,
Skipulagsdeild,
c/o hr. Þór Sandholt.

*Lesið fyrir Sigmund Jónsson
frambjóð. Mbl. 21/10 53*

Reykjavík, 5. maí 1953.

Minnismerki síra Friðriks Friðrikssonar.

Á fundi samvinnunefndar um skipulagsmál þ. 18. des. s.l. var tekið fyrir erindi hr. ritstjóra, Valtýs Stefánssonar, f.h. fjársöfnunarnefndar til minnismerkis um síra Friðrik Friðriksson, dags. 11. nóv. s.l., þar sem beðið var um tillögu nefndarinnar að staðsetningu minnismerkisins.


Nefndin lagði til, að myndin yrði reist við gatnamót Lækjargötu og Amtmannsstíg á lóð ríkissjóðs, og var fjársöfnunarnefndinni tilkynnt þessi tillaga og óskað svars til að síðan mætti leita samþykkis þeirra aðila annarra, er málið varðar. -(Ríkissjóðs og bæjarráðs). Þann 17. apríl s.l. barst svar frá fjársöfnunarnefndinni, þar sem fallið var á tillögunu.

Síðan hefir það gerzt, að leitað hefir verið samninga við fulltrúa ríkisstjórnarinnar um endanlega skipulagningu, gróðursetningu og viðhald hins óbyggða hlutalóðanna, austan Lækjargötu, milli Bankastrætis og Amtmannsstígs, og eru ákveðnar tillögur nú ventanlegar um það atriði, áður en lengt líður. Hins vegar er æskilegt, að nauðsynleg leyfi fyrir staðsetningu minnismerkisins liggi fyrir, áður en endanlega er gengið frá tillögunum.


Fjársöfnunarnefndin hefir mikinn hug á að koma minnisvarðanum upp fyrir 25. þ.m., sem mun vera afmælisdagur síra Friðriks.

Samþykkis stjórnarráðsins hefir verið leitað með bréfi, dags. í dag, og er hér með leitað samþykkis bæjarráðs á tillögu samvinnunefndarinnar.

Til bæjarráðs



Virðingarfyllst,



VALTÝR STEFÁNSSON

MORGUNBLAÐIÐ

Reykjavík

11. nóv., 1952

Skipulagsnefnd Reykjavíkur
Ingólfsstræti 5

Fjársöfnunarnefnd er kosin hefur verið til að annast höggmynd af sr. Friðrik Friðrikssyni, er reisa skal hér í bænum og á að afhjúpa þann 25. maí næstkomandi, hefur falið mér að spurjast fyrir um það, hvar skipulagsnefnd gæti helzt hugsað sér að velja myndinni stað.

Höfundur myndarinnar, Sigurjón Ólafsson, telur, að eskilegt sé að ~~stytta~~ stytta verði einhvers staðar þar, sem hún í framtíðinni verði umkringd trjágrótri, eða hafi trjágróður að bakgrunni.

Ljósmynd af styttunni fylgir hér með. Hún er 2 m á hæð ~~á~~ án stöpsuls, Ógerlegt er að ákveða hæð stöpsulsins fyrr en staðurinn hefur verið ráðinn.

Fyrir hönd fjársöfnunarnefndar,

virðingarfyllst

Valtýr Stefánsson
Valtýr Stefánsson